

Sjúkdómatrygging

Staðlað upplýsingarblað um vátryggingu



SKILMÁLI L-10

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **vátryggingarskirteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Mínun síðun Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um vátryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt vátryggingarskirteini.

Hvernig trygging er sjúkdómatrygging?

Sjúkdómatryggingunni er ætlað að styðja við fjölskyldur komi til alvarlegra veikinda, auka lífsgæði og fjárhagslegt öryggi. Tryggingunni er skipt í fimm megin bótaflokk: Hjarta- og æðasjúkdóma, heilaáfall, lömun og málstol, krabbamein, tauga- og hrörnunarsjúkdóma og að lokum aðra alvarlega sjúkdóma og slys. Ef greitt er úr einum þætti tryggingarinnar, endurnýjast tryggingin sjálfkrafa. Einungis er þó hægt að fá greitt einu sinni úr hverjum flokki fyrir sig. Börn vátryggðs frá þriggja mánaða til 18 ára aldurs eru tryggð fyrir sömu sjúkdómum og skilmálar tilgreina án auka iðgjalds og er vátryggingarfjárhæðin 50% af vátryggingarfjárhæð foreldra. Skilyrði er að sjúkdómar séu staðfestir með læknisvottorði sérfræðilæknis. Sé bótaskylda til staðar eru greiddar bætur með eingreiðslu og eru þær skattfrjálsar.

Tryggingin inniheldur einnig meðgöngu- og foreldravernd sem tekur til tiltekinna læknisfræðilegra atvika á meðgöngu, í tengslum við fæðingu og meðfætt heilsufarsástand barns. Bætur eru í eingreiðslu að ákveðinni fjárhæð óháð grunntryggingarfjárhæð tryggðs og er greitt út einu sinni á meðgöngu eða vegna hvers barns. Þá er jafnframt boðið uppá stuðning með samtölum við fagaðila á borð við sálfræðing að hámarki 5 viðtala ef tryggður verður fyrir tilteknum áföllum í tengslum við meðgöngu eða fæðingu.



Hvað bætir tryggingin?

Hjarta- og æðasjúkdómar

- ✓ Bráð kransæðastífla/hjartadrep (Myocardial Infarction) samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum. Kransæðaskurðaðgerð/hjáveituaðgerð (Coronary Artery Bypass Surgery) samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum. Hjartalokuskurðaðgerð – lokuskipti eða viðgerð (Heart Valve Surgery) samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum. Ósæðarskurðaðgerð (Aorta Graft Surgery) samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum.

Heilaáfall, lömun og málstol

- ✓ Heilablóðfall/slag (Stroke).
- ✓ Þverlömun (Paraplegia).
- ✓ Málstol (Aphasia).

Krabbamein

- ✓ Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausem vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ifarandi vexti í vefi.

Tauga- og hrörnunarsjúkdómar

- ✓ MS (Multiple Sclerosis) samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Hjarta- og æðasjúkdómar

- ✗ Varðandi Bráð kransæðastífla/hjartadrep (Myocardial Infarction), er undanskilið hjartadrep án ST-hækkana (NSTEMI), með hækkun á Tróponí I eða T ásamt öðrum bráðum kransæðatilfellum (acute coronary syndrome).
- ✗ Varðandi Kransæðaskurðaðgerð/hjáveituaðgerð (Coronary Artery Bypass Surgery), er undanskilið aðrar aðgerðir sem ekki eru opnar, t.d. kransæðavíkanir (PCI) og laseraðgerðir.
- ✗ Varðandi Ósæðarskurðaðgerð (Aorta Graft Surgery) er undanskilið aðgerðir sem framkvæmdar eru á greinum ósæðar utan brjóst- eða kviðarholis.

Heilaáfall, lömun og málstol

- ✗ Varðandi Heilaáfall/slag (Stroke) er undanskilið skammvinnt blóðþurrðarkast í heila (TIA) og einkenni frá taugakerfi vegna migrenis.
- ✗ Varðandi Málstol (Aphasia) er undanskilið málstol sem á rætur að rekja til sálrænna kvilla.

Krabbamein

- ✗ Forstigseinkenni krabbameins.
- ✗ Æxli sem eru staðbundin og ekki ifarandi (in situ).

- ✓ MND fyrir 60 ára aldur (Alzheimer's Disease) samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum.
- ✓ Parkinsonveiki fyrir 60 ára aldur (Parkinson's Disease) samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum.

Aðrir alvarlegir sjúkdómar eða slys

- ✓ Góðkynja heilaæxli (Benign Brain Tumour).
- ✓ Meiriháttar líffæraflutningur (Major Organ Transplantation).
- ✓ Nýrnabilun (Kidney Failure) lokastig nýrnasjúkdóms.
- ✓ Alvarleg brunasár (Third Degree Burns) þriðja stigs, sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkamans.
- ✓ Útlímamissir (Loss of Limbs) tveggja eða fleiri útlíma.
- ✓ Blinda (Blindness), varanleg og ólæknanleg sjónskerðing.
- ✓ Eyðnismít við blóðgjöf, líkamsárás eða framkvæmd tiltekinna starfa (HIV Infection in blood transfusions, physical assaults, or in the performance of certain tasks).
- ✓ Heyrnarleysi (Deafness) óafturkallanlegt samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum.
- ✓ Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis) samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum.
- Alvarlegur höfuðáverka (Serious Head Wounds) samkvæmt nánari skilgreiningu í skilmálum.

Sjúkdómatrygging barna

- ✓ Barn váttryggðs sem er á aldrinum 3ja mánaða til 18 ára gamalt, er tryggt fyrir sömu sjúkdómum og váttryggður sjálfur. Ef bótaskylda er til staðar eru 50% váttryggingarfjárhæðarinnar greidd út, þó að hámarki 10.000.000 kr.

Meðgöngu- og fæðingartengd atvik

- ✓ Meðgöngueitrun
- ✓ Utanlegsfóstur sem krefst aðgerðar
- ✓ Missir á meðgöngu eftir 14+0 viku og þungunarrofs vegna staðfestrar greiningar á alvarlegu fósturfráviki
- ✓ Alvarleg morgunógleði
- ✓ Alvarleg blæðing eftir fæðingu ≥1.500 ml
- ✓ Alvarleg spangarrifa (3. og 4. stigs)
- ✓ Innvaxin fylgja
- ✓ Fylgjulos
- ✓ DIC (dreifð blóðstorknun)

Meðfætt heilsufarsástand barns

- ✓ CP-heilalömun
- ✓ Vatnshöfuð
- ✓ Klofinn hryggur

- ✗ Öll stig CIN (innanþekjuæxlisvaxtar í leghálsi).
- ✗ Hodgkins-sjúkdómur á stigi 1.
- ✗ Langvinnt eitilfrumuhvítblæði.
- ✗ Æxli í blöðruhálskirtli á stigi T1 og Gleason-stigi 6 eða lægra.
- ✗ Allar tegundir æxla þegar alnæmi er til staðar (HIV).
- ✗ Kaposi's sarcoma.
- ✗ Öll húðkrabbamein, önnur en illkynja, ífarandi sortuæxli.
- ✗ Krabbamein sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir gildistöku váttryggingarinnar.

Tauga- og hrörnunarsjúkdómar

- ✗ Varðandi Parkinsonsveiki (Parkinson's Disease), undanskilið er Parkinsonsveiki sem er afleiðing misnotkunar áfengis eða vímuefna.
- ✗ Varðandi Góðkynja heilaæxli (Benign Brain Tumour), undanskilið eru blöðrur (cysts), hnúðar (granulomas), heilahimnuæxli (meningiomas), seilaræxli (chordomas), æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum og heilamar og æxli í heiladingli eða mænu.
- ✗ Varðandi Eyðnismít (HIV), undanskilið er HIV-smit sem stafar af öðrum orsökum, þ.á.m. af kynferðislegum athöfnum eða eiturlyfjaneyslu.

Meðgöngu- og fæðingartengd atvik

- ✗ Sjúkdóma eða kvilla sem voru til staðar áður en tryggingin tók gildi, þar á meðal greiningar eða einkenni sem má rekja til ástands sem hófst fyrir meðgöngu.
- ✗ Þungunarrof af öðrum orsökum en læknisfræðilegum.
- ✗ Önnur tilvik eða sjúkdómar sem ekki eru tilgreindir í skilmálum tryggingarinnar.
- ✗ Sjúkdóma, líkamságalla eða annarra kvilla sem að einhverju leyti má rekja til neyslu áfengis, lyfja eða vímuefna.
- ✗ Sjúkdóma sem eiga rót sína að rekja til fegrunar- eða lytaaðgerða á meðgöngu.

Meðfætt heilsufarsástand barns

- ✗ Heilsufarsástand barns sem var til staðar áður en viðauki þessi tók gildi, þar á meðal greiningar eða einkenni.
- ✗ Tryggingarfjárhæðin er aðeins greidd fyrir eina af greiningunum sem taldar eru upp hér að neðan, jafnvel þótt barnið sé með fleiri greiningar.
- ✗ Skilyrði fyrir bótageiðslu er að barnið lifi í 30 daga frá því að það greinist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar tryggingaratburður átti sér stað.

- ✓ Meðfæddir hjartagallar
- ✓ Holgómi og klofin vör
- ✓ Alvarleg meðfædd byggingarfrávik í kviðvegg eða þind
- ✓ Litningarfrávik
- ✓ Klumbufótur og alvarlegt útlimafrávik
- ✓ Aðrir sjaldgæfir sjúkdómar sem uppfyllir allavega 2 skilyrði

Stuðningssamtöl

Tryggingin veitir að hámarki fimm tíma stuðningssamtöl vegna eftirfarandi:

- ✓ Bótaskyld atvik úr meðgöngu- og foreldravernd
 - ✓ Meðgöngu- og fæðingarþunglyndi
 - ✓ Missir á meðgöngu fyrir 14+0 viku
 - ✓ Erfið eða áfallatengd fæðingareynsla
 - ✓ Bráðakeisaraskurður
 - ✓ Ofbeldi í nánu sambandi
 - ✓ Afleiðingar leka á mænurvökva við mænudeyfingu (t.d. spinal höfuðverkur).
- Mjög ótímabær fæðing, þ.e. barn fæðist fyrir 32. viku meðgöngu-tíma og hafi þurft innlögn á spítala eftir fæðingu vegna ótímabærs þroska.
- ✓ Fjölburaþungun fleiri en tvö börn
 - ✓ Við missi á meðgöngu getur tryggður einnig óskað eftir stuðnings-samtölum fyrir börn tryggðs að teknu tilliti til aldurs og aðstæðna.

Stuðningssamtöl

- ✗ Áföll eða sjúkdómar sem greindust áður en tryggingin tók gildi eða vernd hófst falla ekki undir bótagreiðslur.
- ✗ Önnur undanskilin atriði koma skýrt fram í skilmálum viðkomandi tryggingar.
- ✗ Aukakostnaður, svo sem ferðakostnaður eða sambærilegar útgjaldaliðir, er ekki greiddur úr tryggingunni.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Bætur eru ekki greiddar vegna andláts og er skilyrði að vátryggður lifi í a.m.k. 30 daga frá því sjúkdómur greinist eða vátryggingaratburður átti sér stað.
- ! Ekki greiddar bætur vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir gildistöku tryggingarinnar. Bætur greiðast aðeins einu sinni úr hverjum bótaflokki og fellur hann niður eftir útgreiðslu bóta.
- ! Bætur greiðast ekki nema úr einum bótaflokki fyrir hvern vátryggingaratburð.
- ! Bætur fyrir sjúkdómatryggingu barna greiðast einungis einu sinni fyrir hvert barn.
- ! Komi í ljós að rangar upplýsingar hafi verið veittar við upphaf tryggingatöku geta slíkar rangar upplýsingar haft áhrif á bótarétt.
- ! Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Vátryggðum ber að kynna sér skilmála tryggingarinnar. Tilkynna skal um sjúkdóm innan tveggja ára frá greiningu.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar



Hverjar eru skyldur þess tryggða?

- Svvara öllum spurningum félagsins vegna áhættumats rétt og af heiðarleika.
- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á visitölu frá grunnvisitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst váttryggingaverndin og hvenær lýkur henni?

Váttryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa. Tryggingin gildir þó ekki lengur en til 75 ára aldurs váttryggðs.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni skriflega upp hvenær sem er á váttryggingartímabilinu. Iðgjald skal greitt fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.